

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Vernd og velferð barna.

### 1. gr.

#### Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Vernd og velferð barna. Hún starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### Markmið.

Markmið stofnunarinnar er mannúðarstarfsemi, nánar tiltekið velferð og vernd barna svo og þar að lútandi kynningarstarfsemi ásamt starfrækslu vefsíðu sem og fundahöld o.fl. Ráðstafa skal öllum fjármunum stofnunarinnar í þágu framangreinds markmiðs með velferð og vernd að leiðarljósi.

### 4. gr.

#### Stofnandi.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar er Arnar Þór Jónsson, kt. 020571-4709, sem leggur til allt stofnfé, sbr. ákvæði 5. gr. hér á eftir.

### 5. gr.

#### Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er 1.480.000 krónur, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé þetta er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

### 6. gr.

#### Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið og látið í ljós afstöðu sína hver um sig, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

### 7. gr.

#### Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Þó getur sérhver stjórnarmaður krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun, yfirfæra eignir hennar eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar, auk skriflegrar heimildar stofnanda. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Við niðurlagningu stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 18. ágúst 2023,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*